

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Spöngin, eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2-4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. ágúst 2016, breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, einingu G, Spöngin 3-5/Móavegur 2-4.

Í breytingunni felst í meginatriðum að allur götureiturinn er skipulagður sem ein lóð í stað þriggja lóða áður. Lagt er til breytt fyrirkomulag byggðarinnar, þannig að 1-4 hæða byggingar raðast í kringum inngarð. Heimild er fyrir allt að 120 íbúðum og verslun og þjónustu austast næst Spönginni. Gildandi deiliskipulag reiknar með tveimur íbúðarhúsalóðum með 35 íbúðum að Móavegi 2 og 4 og skipulagi er frestað í Spönginni 3-5.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. október 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2016